

Nefndasvið Alþingis
B.t. atvinnuveganefndar

Reykjavík, 8. apríl 2024

Frumvarp um breytingu á lögum nr. 13/1998, um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (hér eftir samtökin) hafa tekið til umsagnar frumvarp um breytingu á lögum nr. 13/1998, um Verðlagsstofu skiptaverðs (hér eftir Verðlagsstofa) og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna (hér eftir úrskurðarnefnd), sbr. þskj. 1268 á 154. löggjafarþingi. Samtökin hafa áður skilað inn umsögnum um bæði áform um þá lagasetningu sem hér er til umsagnar og fyrri frumvarpsdrög, líkt og vísað er til í þeim almennu athugasemdum sem fylgja frumvarpinu.

Samtökin gera enn athugasemd við umfjöllun frumvarpsins um tilefni og nauðsyn þeirrar breytingar sem ætlunin er að leggja til, þ.e. að veita Verðlagsstofu aðgengi að rafrænum og stafrænum gagnasöfnum Skattsins. Til að mynda er enn vísað til þess að nýlegar kjaraviðræður milli stéttarféлага sjómanna og samtakanna kalli sérstaklega á þessar breytingar Það er rangt. Samtökin eru þeirrar skoðunar að umfjöllun frumvarpsins beri vott um grundvallarmisskilning á samspili laganna og kjarasamninga sjómanna hvað varðar eftirlit með bæði gerð fiskverðssamninga og uppgjöri á aflahlut til sjómanna hverju sinni.

Hafa ber í huga að Verðlagsstofa skiptaverðs sinnir reglubundnu eftirliti sem byggir fyrst og síðast á fiskverðssamningum, sem skylt er að skila inn til Verðlagsstofu, og samanburði þeirra á milli þar sem það á við. Þá framkvæmir Verðlagsstofa athuganir á uppgjörum í samræmi við fiskverðssamninga, kjarasamninga og sölur á afurðum, allt eftir eðli skipaflokka og kjarasamninga. Þessar athuganir krefjast þess ekki að bæta þurfi skilvirkni eftirlits þannig að fylgjast þurfi með „*raunverði afurða*“ hverju sinni eða viðhafa „*áhættumiðað samtímaeftirlit*“ líkt og nefnt var í bæði áformaskjali og frumvarpsdrögum á fyrri stigum í samráðsferli. Slíkur þankagangur, án skilnings á birgðastöðu og birgðabreytingum eykur líkur á villandi umræðu og röngum niðurstöðum.

Athuganir á uppgjörum á aflahlut til sjómanna eru eðli máls samkvæmt ávallt byggðar á eftir á upplýsingum. Að auki er samanburður á fiskverði til sjómanna að sama skapi byggður á fiskverðssamningum sem eru fyrirliggjandi hjá Verðlagsstofu á hverjum tíma.

Verðlagsstofa hefur aðgang að öllum þeim upplýsingum frá opinberum stofnunum sem þörf krefur og birtir nú þegar meðal annars afar ítarlegar upplýsingar um bæði fiskverð og afurðaverð á heimasíðu sinni. Þær upplýsingar uppfærast mánaðarlega og með þeim hætti uppfyllir stofan hlutverk sitt samkvæmt 3. gr. laga nr. 13/1998. Verðlagsstofa hefur aukinheldur ríkar heimildir til að kalla eftir upplýsingum og gögnum við athugun einstakra mála, sbr. 5. gr. laga nr. 13/1998. Þar er m.a. í 4. mgr. 5. gr. laganna sérstaklega áskilið að gögn, sem kallað er eftir hverju sinni, séu í samræmi við tilefni.

Samtökin benda einnig á að gera verður greinarmun á annars vegar málskoti til úrskurðarnefndar og málshraða og hins vegar úrtakskönnunum Verðlagsstofu. Bent skal á að aðgangur að gögnum,

hvort sem er frá Verðlagsstofu sjálfri eða eftir atvikum öðrum stofnunum, hefur ekki haft áhrif á málshraða í úrskurðarnefnd. Því er rétt að gera athugasemd við umfjöllun frumvarpsins sem tilgreinir að gagnaöflun við málskot til úrskurðarnefndar geti tekið „daga eða vikur“. Það er einfaldlega rangt. Þá er engin krafa í lögum um málshraða hvað varðar úrtaksathuganir sem er reglulegur þáttur í starfsemi Verðlagsstofu.

Hafa ber einnig í huga að þær upplýsingar, sem hér er ætlunin að veita Verðlagsstofu beint aðgengi að, varða gríðarlega viðkvæmar viðskiptaupplýsingar sem umgangast þarf með sérlega varfærnnum hætti. Af þeim ástæðum má ætla að Skatturinn hafi hingað til ekki viljað veita Verðlagsstofu það aðgengi sem hér er ætlunin að veita. Raunar má segja að hér yrði um fordæmalausán aðgang að ræða, nái breytingin fram að ganga, þar sem ákærvaldið hefur til að mynda ekki beinan aðgang að skráum Skattsins, þrátt fyrir að vera iðulega að rannsaka stórfelld skattalagabrot sem varðað geta allt að 6 ára fangelsi og háum fésektum.

Að endingu gera samtökin sérstaka athugasemd við að hér eru lagðar til breytingar á verklagi stofnunar sem raunar starfar á grundvelli fyrirkomulags sem kveðið er á um í kjarasamningum milli útgerða og stéttarfélag sjómanna. Þær breytingar eru áformaðar án þess að málið hafi áður verið tekið upp á vettvangi úrskurðarnefndar sjómanna og settar fram á sama tíma og kjaraviðræður milli samtakanna og stéttarfélag sjómanna hafa staðið yfir. Í þeim samningum hafa málefni Verðlagsstofu skiptaverð komið til umræðu, samið um fyrirkomulag uppgjors sem muni auðvelda störf stofunnar, og verið bókað um bæði sjálfstæði stofunnar og aðgengi að gögnum. Þar hafa samtökin og stéttarfélög sjómanna verið á öndverðum meiði í bókun sem gerð hefur verið við þá samninga sem tekið hafa gildi, enda hafa samtökin bent á að stofan hafi fullt aðgengi að gögnum sé eftir þeim kallað.

Hingað til hafa þær breytingar sem gerðar hafa verið á lögum um Verðlagsstofu skiptaverðs verið gerðar í samkomulagi við hagsmunaaðila og er miður að hér hafi komið til stefnubreytingar af hálfu ráðuneytisins.

Því er það afstaða samtakanna, með vísan til framangreinds, að þær breytingar sem áformaðar eru í þessu frumvarpi séu langt umfram tilefni og með öllu óþarfar.

Samtökin lýsa sig reiðubúin til að mæta á fund atvinnuveganefndar og gera nánari grein fyrir sjónarmiðum samtakanna.

F.h. Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi

